

Cruise Europe Ráðstefnan 2022 – Edinborg, Skotlandi 17.-18. maí 2022.

Cruise Europe eru „B2B“ samtök skemmtiskipahafna og -áfangastaða í Norður-Evrópu og Evrópulöndum sem eru við Atlantshafið. Samtökin voru stofnuð 1991 og meðlimir eru yfir 140 talsins frá 20 löndum. Samtökunum er skipt upp eftir fjórum svæðum; Noregur, Ísland og Færeyjar, Eystrasaltlöndin, Bretlandseyjar og Vesturströnd Evrópu.

Á ráðstefnunni í Edinborg voru yfir 200 þátttakendur frá 20 löndum.

17. maí:

12:30-14:00 - svæðisfundur með fulltrúum Íslands, Færeyja og Noregs.

Ísland er í svæðishópi Cruise Europe, ásamt Noregi og Færeyjum. Um leið og íslensku hópurinn var kominn til Edinborgar var fundur með hópnum á ráðstefnuhótelinu. Farið var yfir stöðuna hjá aðildarhöfnum. Mest rætt um:

- Stöðuna eftir Covid
- Mismunandi stefnur stjórnvalda varðandi móttöku skemmtiferðaskipa – einhverjar eða miklar takmarkanir þegar tekið gildi eða fyrirséðar hjá höfnum í Noregi til að draga úr troðningi og umhverfisáhrifum skemmtiferðaskipa. Sérstaklega á Svalbarða.
- Orkuskipti á höfnum.
- Áhrif stríðsreksturs Rússa á skemmtiferðaskipabransann, bæði hærra olíuverð en einnig að skipafyrirtæki færa ferðir frá Eystrasaltinu yfir til Noregs.

14:30-16:00 - aðalfundur Cruise Europe

- Rússlandi vikið úr samtökunum á meðan stríð Rússa gegn Úkraínu stendur yfir.
- Kosning nýrra stjórnarmanna.
- Samþykkt að leyfa undirsamtökunum River Cruise Europe (40 meðlimir) að stofna sjálfstæð samtök.
- Kosið um staðsetningu ráðstefnunnar 2023. Hún verður í Lissabon.

18. maí:

9:00-16:00 - ráðstefna

- Aðalræða: Sacha Rougier, head of itinerary planning and destination experiences – Explora Journeys
 - Áskoranir og áhrif Covid á skemmtiskipabransann + framtíðarsýn
- Panell 1: **Strategic planning for business in an uncertain world – How will cruise lines plan their deployment in post-Covid Europe with an ongoing war and rising energy prices?** með Sander Groothuis, vice president port & shore operations – Carnival UK / P&O Cruises and Cunard, Christal Morgan, senior director, deployment planning – Princess cruises og Chris Coates, director / ambassador at large.
Umræðustjórn: Nigel Lingard
 - Farið yfir Covid í baksýnispeglinum.
 - Skemmtiferðaskipabransinn er mun hægari að taka við sér en aðrir ferðamannabransar. Öryggi farþega þó nánast hvergi jafn mikið eftir Covid-lærdóm skipafyrirtækjanna.

- Erfitt að selja ferðir langt fram í tímann þegar olíuverð er stöðugt hækkandi. Verðhækkun mun skila sér til farþega en þó munu skipafyrirtækin líklega taka meiri skell.
 - Stríðsrekstur Rússa í Úkraínu hefur áhrif á hvert fólk vill fara. Eystrasaltið dregst mikið saman.
- **Panell 2: Strategic planning and the importance of avoiding shoreside disruption – How important are shore excursions to a port's ratings?** með Agnes Brochet, director itinerary planner and strategic pricing – Silversea Cruises, Michelle Lupino, head of destination management – Ambassador Cruise Line og Melanie Lewis Carsjens, senior manager, shore excursions product development og operations Europe – Holland America Group og Sandra Neffgen, head of shore excursions – AIDA Cruises.
Umræðustjórn: Liz Gammon
 - Mest rætt um troðning á höfnum og á áfangastöðum gesta. Lítil þolinmæði fyrir að vera með mörgum öðrum stórum skipum í höfn, ekki síst á áfangastöðum sem eru auglýstir sem náttúruperlur. Minnst þolinmæði hjá s.k. Excursion Cruises sem eru með minni skip og færri farþega.
 - Skipafélög eiga að taka þátt í að tryggja gæði ferða og áfangastaða með einhverjum hætti, t.d. þjálfun og endurgjöf.
- **Panell 3: Planning ahead for environmental and sustainability issues – Looking beyond the short-term crises, how do we also keep a focus on the strategic issues?** með Jon Olav Stedje, Port of Flam, Linden Coppell, director of sustainability – MSC Cruises, Sandra Bratland, director destination affairs – Carnival Group Norway, Peter Wright, head of commercial & planning – Saga Cruises og Kai Algar, marine & port planning manager – Fred Olsen. Umræðustjórn: Nigel Lingard
 - Fjöldmörg skipafélög vinna skipulega og markvisst að því að minnka eigin umhverfisáhrif.
 - Innviðir bjóða ekki alls staðar upp á orkuskipti hafna, skipafélögin verða tilbúin á undan áfangastöðunum.
- One to one session: Liz Gammon ræðir við Nick Hughes, COO Ambassador Cruise Line
 - Samantekt: Umræðustjórar fara yfir og taka saman umræður dagsins